

Utkomið í A-deild Stjórnartíðindann.

Lög um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar, undirskrifuð af konungi 20. desbr. 1901 (A, nr. 47, bls. 210—213).

Lög um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengin hlutad-eigandi söfnuðum í hendur, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 48, bls. 214—215).

Lög um samþykktir til varnar skemmdum af vatnaðgangi, um vatnsveitingar og skurði, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 49, bls. 216—219).

Lög um samþykktir fyrir ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 50, bls. 220—221).

Víðaukalög við lög 11. desbr. 1891 um samþykktir um kynbætur hesta, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 51, bls. 222—223).

Lög um breyting á lögum nr. 28, 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskveiðar á opnum skipum, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 52, bls. 224—225).

Lög um víðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um sildar og uppsaveiði með nót, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 53, bls. 226—227).

Lög um sölu þjóðjarðar, undirskrifuð af konungi s. d. (A, nr. 53, bls. 228—229).

Breyting á reglugjörð handa læknaskólanum í Reykjavík 26. júní 1899, 1. hluta 7. greinar, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A, nr. 54, bls. 230—231).

Opíð brjef, er stefnir saman alþingi til aukafundar 26. júlí 1902, undirrituð af konungi 10. janúar 1902 (A, nr. 1, bls. 2—3).

Bodskapur konungs til Íslendinga, undirskrifuður af konungi s. d. (A, nr. 2, bls. 4—7).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um undirbúning á stofnun klæðaverksmiðu. Hjermeð er yður, herra landshöfðingi, send til útbýtingar, eptir því sem yður þykir við eiga, nokkur hundruð eintök af skýrslu þeirri um rannsóknir til undirbúnings klæðaverksmiðu á Íslandi, er samið hefir K. Zimsen verkfræðingur, samkvæmt 4. gr. laga nr. 20 frá 21. júní 1900. 300 eintökum af danska texta skýrslunnar er haldið eptir á afgreiðslustofu ráðaneytisins til útbýtingar samkvæmt ákvæði laganna. Allar aðrar upplýsingar, sem K. Zimsen verkfræðingur hefir safnað um stofnun slíkrar verk-

1
13. jan.

1 smiðju, munu verða látnar í tje fjelagi því, er til stofnunar klæðaverksmiðju fær
13. jan. lán af viðlagasjóði samkvæmt heimild þeirri, er þar til er veitt í nágildandi fjárlögum.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

2 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-**
4. febr. **amtinu um flutning þingstaðar Dyrhólahrepps.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 25. f. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi í Vesturskaptafellssýslu, vil eg hjer með veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Loptsalabelli að Vatnsskarðshólum, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

3

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konulgs hins Níunda frá 1. september 1900 til 31. desember 1901.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. september 1900 (Stj.tíð. 1900, B. 224. bls.		
a. Innritunarskirteini ltra A. fol. 84	kr. 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum.	— 1014,63	kr. 9614,63
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:		
a. af innritunarskirteini til $11/12$ '00 og til $11/6$ og $11/12$ '01 —	451,50	
b. af innstæðu í landsbankanum til $31/12$ '00 og '01 —	83,07	— 534,57
		Samtals kr. 10149,20

Útgjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Sigurði bónda Sigurðssyni á Langholti í Hraungerðishreppi í Árnassýslu	kr. 140,00	
b. Georg bónda Jónssyni á Draghálsi í Borgarfjarðarsýslu	— 140,00	kr. 280,00
2. Eptirstöðvar í árslok 1901:		
a. Innritunarskirteini ltra A. fol. 84	-- 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 1269,20	— 9869,20
		Samtals: kr. 10149,20

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 2. janúar 1902.

Magnús Stephensen.